

STARFSLEYFI

Nesbúegg

lífrænt eggjabú

Miklholtshelli II,

fastanr. F2355435, matshl. 01 0101 og 02 0102

803 Selfoss

Nafn og kt. rekstraraðila: Nesbúegg ehf., kt. 711203 2140
Heimilisfang: Vatnsleysuströnd, 190 Vogar

Útgáfudagur: 9. febrúar 2022

Gildir til: 9. febrúar 2034

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunar-varnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:
Fyrir Nesbúegg ehf. vegna lífræns eggjabús
dags. 9. febrúar 2022**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skýlt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.


Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 65a, 800 Selfoss kt. 480284 0549 Sími 480 8250

Selfossi, 9. febrúar 2022



Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri



STARFSLEYFISSKILYRÐI

fyrir lífrænt eggjabú

Nesbúegg ehf.

kt. 711203 2140

Miklholtshelli II, 803 Selfoss

1. GILDISSVIÐ OG ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir rekstur alifuglabús vegna lífrænnar eggjaframleiðslu í ofangreindri starfsstöð fyrirtækisins.

Allt að 29.000 varphænur eru í varpi á búinu á hverjum tíma. Húsakostur eru tvö lausagönguhús með varpsölum og vetrargörðum. Samanlagt flatarmál húsanna er um 4.000 m², þar af um 1.100 m² svæði undir vetrargarða. Útisvæði fuglanna er samtals um 11,6 ha afgirt svæði þar sem hæurnar geta hafst við yfir daginn á sumrin þegar þannig viðrar. Neysluvatn kemur frá vatnsveitu Flóahrepps. Hænsnaskitur sem til fellur árlega er um 750 tonn m.v. um 40% þurrefni. Er hann allur nýttur sem áburður á tún sem tilheyrja Miklholtshelli og skv. samningi við eiganda jarðarinnar Fornustaða í Flóahreppi. Aflífaður fugl er fluttur í kjötmjölsverksmiðju Orkugerðarinnar ehf. skv. samningi.

Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða ofangreindri starfsemi gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

- 1.2 Starfsleyfisskilyrði þessi eru gefin út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Eintak af starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum skal ávallt vera tiltækt á vinnustað.

- 1.3 Starfsleyfishafi ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis síns og er skylt að fara eftir lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma, samþykktum viðkomandi sveitarfélags og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfisskilyrðum þessum.

- 1.4 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með ofangreindri starfsemi starfsleyfishafa samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

- 1.5 Starfsleyfi skal endurskoða að jafnaði á fjögurra ára fresti. Jafnframt er útgefanda starfsleyfis heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, t.a.m. ef í ljós kemur að mengun af völdum starfseminnar er meiri eða önnur en búast mátti við þegar leyfið var gefið út, ef breyting verður á rekstri fyrirtækisins, ef breytingar verða